

Mannauðstjóri er ábyrgðarmaður stefnunnar og ber ábyrgð á að starfsmenn fyrirtækisins þekki hana og framfylgi henni.

Rafal leggur ríka áherslu á að starfsmönnum líði vel í vinnunni og að þeir búi við gott starfsöryggi. Við leggjum áherslu á að starfsmenn upplifi sig sem mikilvægan hluta af stórri og metnaðarfullri heild þar sem jákvætt starfsumhverfi, gott samstarf, virðing fyrir samstarfsfólki og samheldni er lykilatriðið. Með þetta að leiðarljósi vill Rafal hafa yfir að ráða hæfum, áhugasömum og framsæknum starfsmönnum í þau verkefni sem upp koma.

- **Við trúum á öruggan vinnustað og góða starfsaðstöðu**
- **Við trúum á fjölbreytilegt starfsfólk og dýnamískan vinnustað þar sem allir fá að njóta sín**
- **Við trúum á mikilvægi þess að fá að vaxa í starfi og bæta við kunnáttu sína**
- **Við trúum að starfsánægja og vellíðan tryggi gott starf.**

**Við trúum á traust milli starfsmanna, stjórnenda og viðskiptavina**